



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á Degi símenntunar
28. ágúst 1999**

Heiðruðu áheyrendur
nær og fjær.

Það er lofsvert framtak að minna þjóðina jafn rækilega á gjörbreytt eðli menntunar og gert er með fjölþættri og fróðlegri dagskrá á degi símenntunar og gaman er að sjá hvernig kostir nýrrar tækni eru nýttir til að hnykkja hressilega á boðskapnum um breytta tíma.

Óneitanlega vaknar í huganum vitund um þær hindranir sem enn hefta hugsun okkar og spretta að hluta frá hagsmunum stofnana og starfstétta sem beint eða óbeint seinka því að kostir hinna hraðfleygu breytinga nýtist einstaklingum og samfélagi til fullnustu.

Menntakerfið er enn nánast allt skipulagt á grunni sem féll vel að hugmyndum og háttarlagi sem um aldraðir mótuðu þjóðfélag Vesturlanda. Sæmundur fróði, Þorlákur helgi, Jón Arason og Skúli fógæti voru hvað þetta varðar af sama meiði menntunarhefða og skólabrags og sú kynslóð sem nú skipar formlegar stjórnunarstöður á vettvangi embættisstofnana, atvinnulífs og skólakerfis.

Hefðin byggðist á fastmótaðri og helgaðri skipan á verkefnum, valdi og stöðu. Menntunin var bundin við ákveðinn tíma á yngri árum og þar var kennarinn leiðtogi í smáu og stóru enda yfirburðir hans ótvíræðir og afgerandi.

Bessastaðir verðveita vel minningar um afbragðsskóla fyrri aldar, námsferil sveina sem sátu í tímum þar sem nú er borðstofa forsetasetursins, náðu leikni í latínu og grísku líkt og munkarnir árpúsundi áður og reyndu að nálgast meistara sína í meðferð íslenskrar tungu og þekkingu á lögmálum talna og stærðar. Leið þeirra bestu lá svo til

Kaupmannahafnar og nokkrum árum síðar aftur heim, námslokin mörkuð með ferðinni yfir hafið.

Með flutningi kennslunnar til Lærða skólans í Reykjavík og á þessari öld til Akureyrar og Laugavatns og svo í nýjar stofnanir mennta og fjölbrautar í hverfum borgarinnar og byggðarlögum víða um landið varð sú breyting ein að námshættirnar frá Bessastöðum og Höfn eignuðust ný heimkynni. Hefðin festist hægt og bítandi í kerfi reglugerða og laga og stéttarfélag kennara, skólameistara og sérfræðinga ófu hagsmuni sína saman við námsform fyrri alda.

Skólinn varð ekki aðeins hús og starfsvettvangur í föstum skorðum tíma og árstíða heldur einnig vel girt vígi hagsmuna, réttinda og kjara. Menntunin var skilgreind sem einingarmæld afurð með fastmótað upphaf og skýr endalok og oft hefur virst sem hagsmunir stofnana og starfstétta hafi ráðið þar meiru en inntakið sjálft.

Á undraskömmum tíma hafa breytingar í tækni, þjóðfélagsháttum og atvinnulífi, á kröfum og væntingum einstaklinga og samfélagshópa barið svo óþyrmilega að dyrum þessa gamla vígis að við verðum nú að takast á við brýna þörf á umræðum og aðgerðum sem varða sjálfan grundvöll skólahalds og menntakerfis.

Dagur símenntunar er kærkomið tækifæri til að kalla okkur öll til slíkra verka og hvetja um leið til opinnar, heiðarlegrar og hreinskilinnar umfjöllunar um þær víðtæku breytingar sem verða að eiga sér stað á öllu skipulagi skóla og fræðslustarfs, störfum kennara og skólastjórnenda, samvinnu menntastofnana við aðrar starfstöðvar samfélagsins, fyrirtæki, velferðarstofnanir, þjónustugreinar, tækniver og rannsóknarstofur.

Veruleikinn er svo hraðfleygur að hvert starf er í sífelldri sköpun. Ný tækni fæðir tækifæri og breytir kröfum, og samkeppnin sem fylgir alþjóðlegum samruna viðskipta og samfélagshátta knýr á um skjótan árangur endurhæfingar og fræðslu.

Nýjar kynslóðir eru nú þegar að búa sig undir að þurfa sífellt að öðlast nýja þekkingu og hæfni; að skilin milli menntunar í skóla og á vinnustað séu í reynd að hverfa, að landamæri náms og fræðslu séu að mást í burtu, að tímamörkin hverfi einnig. Menntun er að verða samfelld reynsla frá morgunstund til dagsloka, frá æskuárum til ævikvölds og alnetið og tölvutæknin hafa í raun gert hvern og einn að sínum eigin skólastjóra. Valdatíð kennara, prófessora og meistara er senn á enda runnin og menntun býðst nú á svo víðum völlum að ekkert kerfi stofnana

eða stéttarhagsmuna getur tryggt það forræði sem áður var sjálfur kjarni skólastarfsins.

Hvernig bregst þjóðfélagið við þessum þáttaskilum? Hvernig eru reglugerðir og lög felld að þessum nýja veruleika? Hvernig búa samtök kennara og skólastjórnenda sig undir nýja tíma?

Munum við saman ganga til brýnna breytinga eða verður reynt að verja hagsmuni frá gömlum tíma úr einu vígi í annað?

Svörin við þessum spurningum munu hafa afgerandi áhrif á stöðu og styrk Íslendinga í samfélagi þjóðanna, móta sókn okkar til bættra lífskjara, skapandi menningar og aukinnar velferðar einstaklinga og fjölskyldna.

Í raun hefur þróunin breytt eðli menntunar úr afmörkuðu viðfangsefni á fyrstu áratugum ævinnar í samfellt starf lífið á enda og því fyrir sem hugsun okkar, skipulag menntastofnana og starfshættir kennara og skólastjórnenda taka mið af þessum þáttaskilum, þeim mun betur nýtast Íslendingum þau sóknarfæri sem tæknin og nýir þjóðfélagshættir hafa fært okkur í hendur.

Forystusveitir í atvinnulífi og stjórnkerfi, samtökum launafólks og starfstétta þurfa einnig að skynja til hlítar eðlisbreytinguna sem orðið hefur á menntun og fræðslustarfi, að í raun verður að opna allar leiðir til náms og þjálfunar svo að hverjum og einum sé veittur réttur til að sækja sér sífellt meiri menntun.

Undanfarin ár og jafnvel áratugi hefur umræða okkar Íslendinga á vettvangi skólamála og menntunar verið of bundin við samninga um kaup og kjör, um lög og reglugerðir, réttindi og kröfur, skipulag stofnana og húsakost. Allt eru þetta þörf viðfangsefni og nauðsynleg, en þau mega hvorki byrgja okkur sýn né læsa okkur í liðnum tíma.

Nú hafa orðið þáttaskil, framþróunin mun ráðast mest af afstöðu okkar til menntunarinnar sjálfrar, hins sífellda lærdóms og samfelldrar þjálfunar, ráðast af tækninni sem nú þegar getur fært hverjum og einum herradóm yfir eigin menntun og fræðslu, ráðast af viðbrögðum samfélagsins við þeirri byltingu sem skipað hefur menntun í öndvegi.

Íslendingar hafa löngum borið gæfu til að nýta sér hið besta úr tækifærum hverrar tíðar. Dagur símenntunar er vissulega vísbending um að viljinn til umbóta býr enn öflugur í brjóstum okkar, að í árdaga nýrrar aldar séum við reiðubúin að taka höndum saman um þær breytingar sem

knýjandi eru til að sýmenntun geti orðið sá sköpunarkraftur sem gerir Íslendingum kleift að halda sessi sínum í samfélagi þjóðanna.

Ég færi skipuleggjendum, hugmyndasmiðum og þátttakendum á Degi sýmenntunar einlægar þakkir fyrir kröftugt frumkvæði og vona að þeir lærdómar sem hér bjóðast verði þjóðinni í senn veganesti og hvatning í aðdraganda nýrrar aldar.